



Sælur allar, formenn og aðrar góðar systur!

Bestu þakkir fyrir samveru á Landssambandsfundinum! Ég sendi sérstakar þakkir til systra í klúbbi Bakka og Selja, sem sáu um allan undirbúning, með þeim sóma að til fyrirmyndar er. Fundargerðin verður birt á vefnum þegar hún er fullfrágengin.

Nú gengur vorhret yfir - og gos hafið í Grímsvötnum. Hvorugt er nýlunda á okkar landi og raskar ekki hinu stóra samhengi í tilverunni, þótt eftitt sé meðan á stendur.

Við höldum okkar striki, eins og hægt er!

Trjáplöntun í tilefni af 90 ára starfi Soroptimista

Því miður hefur orðið að breyta dagsetningu plöntunar í reit Soroptimista í Heiðmörk. Ég tilkynnti á Landssambandsfundinum að stefnt væri að plöntun 9 fallegra trjáa eða runna, sem ættu möguleika á að dafna vel þarna, einni fyrir hvern tug af Soroptimistasystur starfsemi, á heimsvísu.

Því miður þurfti að breyta dagsetningunni frá því sem tilkynnt var á fundinum:

Plantað verður 1. júní - og stefnt að því að systur komi um klukkan 17:00

Áhöld og áburður verða á staðnum.

Nánari staðsetning: Í skýrslu Ellenar Tyler verkefnisstjóra umhverfismála, frá Landssambandsfundinum á Húsavík sagði að: „*skógur SI/Í væri í Heiðmörk, rétt fyrir ofan tjaldsvæðið á Hjallaflóttum, sunnan við Heiðmörkina í Garðabæ. Þægilegast væri að aka inn í Heiðmörkina frá Garðabæ, hjá Mariuhelli, og aka þar eftir Heiðmerkurvegnum*“.

Í upplýsingum á vef Heiðmerkur segir að: „*reiturinn okkar sé spilda í Hjalladal, við Hrossabrekku*“.

Slóð á kort yfir Heiðmörk er hér: http://www.heidmork.is/kort/heidmork_spildur/default.asp

Guðrún Erla Björgvinsdóttir, GSM [8628005](tel:8628005) og Vigdís Pálsdóttir, GSM [6618841](tel:6618841), úr Bakka og Seljasklúbbi, munu hafa farsíma sína meðferðis og hafa lofað að segja til vegar, ef þið lendið í vandræðum með að finna staðinn.

Mætum þarna sem flestar – búnar eftir veðri - og leggjum hönd á plóg. Við ætlum að setja niður 9 falleg reynitré, 1 fyrir hvern tug af starfi Soroptimista, og mér skilst að ekki muni veita af að geta skipst á og hjálpast að við að grafa holurnar. „Margar hendur vinna létt verk“!

Annað, sem mér liggur á hjarta eftir Landssambandsfundinn:

Ég vil þakka öllum þeim systur, sem tóku ljúflega beiðni minni um að bjóða sig fram til starfa á vegum Landssambandsins, í aðdraganda hans. Sérstaklega þakka ég klúbbi Húsavíkur og nágrennis, sem sendi inn 3 framboð, án þess að sérstaklega væri gengið eftir þeim.

Í ljósi þess hve sjálfstæðar, færar, metnaðargjarnar og duglegar Soroptimistasystur eru, upp til hópa, kom mér það í opna skjöldu að einungis einn klúbbur byði fram krafta systur, til starfa fyrir landssambandið, ótilkvaddur. Það er óþarfi að telja fram vinnustundafjölda forseta við að leita að konum sem voru tilbúnar til starfa. Það er tímafrek vinna og einhvern veginn órókrétt að til hennar þurfi að koma. **Það ætti að vera metnaðarmál í hverjum klúbbi að eiga systur að störfum á vettvangi Landssambandsins!**

Því skora ég á ykkur, ágætu formenn, að koma þeirri hefð á í ykkar klúbbi að:

alltaf sé a.m.k. ein systir úr klúbbnum í boðin fram til starfa á landsvísu!☺

Hittumst heilar á **Haustofni að Reykjum laugardaginn 8. október**.

- ➔ Upplýsingar um áætlaðan fjölda þátttakenda þurfa að berast mér fyrir 20. júní. Endanlegt skráningarblað verður sent í sumarlok.

Ég sendi ykkur öllum hlýjar systrakveðjur út í sumarið og óska ykkur starfsánægju, gleði og góðrar heilsu - um leið og ég þakka ykkur ánægjuleg kynni og gott samstarf í vetur!

Ykkar, *Ingunn Ásdís Sigurðardóttir*, forseti 2010 - 2012